

# Grásleppan flutt lands-horna á milli

- „Slagur um hverja útgerð og hvert kíló“
- Fersk hrogn flutt út til Danmerkur

Ágúst Ingi Jónsson  
ajj@mbl.is

Gott verð hefur fengist fyrir grásleppu á vertíðinni, en aflabrógð munu víða vera svipuð og tvö síðustu ár. Eftirspurn eftir grásleppu til vinnslu hefur verið mikil og fiskurinn keyrður lands-horna á milli ef því hefur verið að skipta. Í vor hafa fersk hrogn verið flutt með flugi til Danmerkur.

Agætur kraftur hefur verið í vertíðinni fyrir norðan og norðaustan land undanfarið og eru um 140 bátar byrjaðir veiðar, sem er lítills háttar fjölgun frá því í fyrra. Í heildina hefur afl glæðst frá fyrstu dögum vertíðar og veður orðið skaplegra. Veiðarnar eru bundnar sérleyfum til grásleppuveiða og má hver bátur róa í 44 daga samfelt frá því að hann leggur netin.

## Um 40% verðhækkun

Til þessa hefur mestu verið landað á Drangnesi, samkvæmt upplýsingum Landssambands smábátaeigenda. Þar eru komin á land um 118 tonn af þeim 952 tonnum sem búið er að landa. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, segir að meðalverð á kíló sem selt er í gegnum fiskmarkaðina hafi verið 288 krónur í vor. Það sé um 40% hækkun frá síðasta ári þegar meðalverðið var á sama tíma 206 krónur, en verðið hækkaði nokkuð er leið á vertíðina. Óskar Torfason, framkvæmda-

stjóri Drangs á Drangnesi, sagði að veiðar og vinnsla grásleppu gengju ljómandi þessa dagana. Nóg væri að gera, en alls eru 18 manns í vinnu hjá Drangi, þó ekki allir í fullu starfi. Það er stór hluti vinnandi fólks á Drangnesi og nágrenni þar sem íbúar eru um 100. Síðustu daga hafa átta heimabátar landað á Drangnesi, en að auki er afli tveggja báta frá Akranesi keyrður norður til verkunar hjá Drangi.

Eins og áður sagði er grásleppan í mörgum tilvikum keyrð um langan veg, en nánast allir landa heilli grásleppu. Þannig nefndi Óskar að grásleppa frá nágrennum þeirra á Hólmavík færi til vinnslu í Búðardal og grásleppa sem landað væri á Ísafríði væri meðal annars unnin á Djúpvog. Grásleppa frá Akranesi hefur meðal annars verið unnin á Vopnafirði í vor, þar sem er slæging og söltun á hrognum í húsakynnum HB Granda. Á Akranesi framleiðir Vignir Jónsson hf., dótturfyrirtæki HB Granda, kaviar úr hrognum alls staðar að af landinu.

## Verkendur duglegir að hringja

„Ég held að það sé óhætt að segja að það hafi verið slagur um hverja útgerð og hvert kíló af hrognun,“ segir Óskar. „Verkendur hafa verið duglegir að hringja í kalla sem eiga grásleppuveiðileyfi og það er vonandi gott fyrir kallana. Þeir hafa verið að fá gott verð, algengt að borgaðar hafi verið 285 krónur fyrir



Ljósmynd/Óskar Torfason

**Nóg að gera** Tomas, Veronika og Unnur Ágústa við verkun á grásleppu hjá Drangi á Drangnesi í gærmorgun.



Ljósmynd/Porgjeir Baldursson

**Á Árskóggssandi** Haraldur Ólafsson við löndun úr Særúnu í síðasta mánuði.

kílóð og upp í 300 krónur hef ég heyrt.

Í vor höfum við sent talsvert af ferskum hrognum með flugi til Dan-

merkur og ég gæti trúað því að allt að helmingur hrognanna hafi farið til Kaupmannahafnar. Þetta fer væntanlega á veitingastaði og mér

skilst að þetta sé borðað sem ei hvers konar kaviar, en líka not sem skraut. Þetta er lúxusvara ætti að skila talsvert hærra verð segir Óskar.

## Unnið alla daga

Hjá Drangi er unnið alla daga það þarf að slægja eða salta hrogn Netin eru í sjó alla daga frá upph: vertíðar og dregið er daglega ef veur leyfir. Þáskahátíðin breytir lit þar um. Drangur er með tvo báta grásleppu, en í plássinu eru nokkuð gamalgrónir í grásleppuútgærd. Í lokinni grásleppuveitíð róa bát Drangs með línu, en nýverið fer fyrirtækið kaup á 15 metra hálfyf byggðum plastbát frá Riff. Hann b áður nafnið Þorstein SH, en nú Benni ST.

## Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Þann 11. apríl gefur Pósturinn út sjö frímerki. Um er að ræða ferðamannfrímerki, frímerki tileinkuð ungvíði íslensku húsdýranna og Evrópufrímerkin 2019, þar sem þemað er fuglar. Einnig kemur út frímerki til að minnst þess að Ljósmeðrafélag Íslands er 100 ára í ár.



Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.



Morgunblaðið/Sigtryggur Sigtryggsson

**Við bryggju** Ísfisktogararnir Mars RE og Helga María AK voru báðir lengi gerðir út frá Akranesi.

# Sturlaugur verður Mars

- Útgerðarfélag Reykjavíkur kaupir skipið af HB Granda
- Helga María við bryggju í tvo mánuði ● Framhaldið óljóst

Ágúst Ingi Jónsson  
ajj@mbl.is

Togarinn Sturlaugur H. Böðvarsson AK hefur nú fengið nafnið Mars RE 13, en Útgerðarfélag Reykjavíkur keypti skipið af HB Granda í byrjun febrúar. Runólfur Viðar Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÚR, segir að stefnt sé að því að gera skipið út og sé ómislæt í skoðun í heim afnum

hann til Reykjavíkur 1948. Hann og systurskipið Neptúnus voru þá stærstu togarar flotans.

Sturlaugur fór í sinn síðasta túr fyrir HB Granda í febrúar í fyrra, en nýsmíðin Akurey AK leysti skipið af hólmi. Skipið var smíðað fyrir Grundfirðinga og hét þá Sigurfari SH. Haraldur Böðvarsson hf. á Akranesi eignaðist síðan skipið og fékk það þá há Sturlaugunafnið. Eftir sameiningu

það var tekið úr rekstri í byrjun febúar í ár. Ægír Páll Friðbertsson, framkvæmdastjóri HB Granda, seg þá vera í skoðun hvað gert verður við skipið. Það hefur þó ekki verið sett í formlega sölumeðferð.

Helga María var smíðuð 1988 í Flekkefjord í Noregi og bar fyrst nafnið Haraldur Kristjánsson HF. Skipið var ásamt systurskipinu Sjól HF einn af fyrstu frustiftuðum